



## Vorfundur Kvasis – aðalfundur

**Fundurinn var haldinn á veitingahúsinu Greifanum, Glerárgötu  
20, á Akureyri, mánudaginn 19. apríl 2010**

### Dagskrá:

13:00 - 13:05	Setning vorfundar. Kosning fundarstjóra og ritara.
13:05 - 14:05	Venjuleg aðalfundarstörf — samkvæmt samþykktum Kvasis. <ol style="list-style-type: none"><li>1. Skýrsla stjórnar.</li><li>2. Afgreiðsla reikninga.</li><li>3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um árgjöld.</li><li>4. Breytingar á samþykktum.</li><li>5. Aðildarumsókn Framvegis.</li><li>6. Skipun stjórnar.</li><li>7. Kosning skoðunarmanna.</li><li>8. Önnur mál.</li></ol>
14:05 – 15:00	Umræða um framtíð Kvasis.
15:00 – 15:30	Tíu ára afmæli Kvasis.
15:30 – 16:00	Staða Myschool verkefnisins.
16:00 – 16:15	Kaffihressing.
16:15 – 16:45	Útlendingar og símenntun — námsframboð og námsþarfir.
16:45 – 17:15	Samvinna símenntunarmiðstöðvanna við VMST og starfsendurhæfingar.
17:15 – 18:00	Önnur mál <ol style="list-style-type: none"><li>a. Myndbönd Margrétar Reynisdóttur í ferðapjónustu.</li><li>b. Kompás-fréttir.</li><li>c. Námsmat og fleira í námskránum <i>Grunnmenntaskóli og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum.</i></li><li>d. Kynning á háskólanámi.</li></ol>

## 1 Þátttakendur

- Frá Farskólanum - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Bryndís Þráinsdóttir og Jóhann Ingólfsson.
- Frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Smári Haraldsson, Helgi Ólafsson (í stjórn) og Sigurborg Þorkeldsdóttir..
- Frá Fræðsluneti Suðurlands. Ásmundur Sverrir Pálsson, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir.
- Frá Mími – símenntun. Hulda Ólafsdóttir, Sigurrós Kristmannsdóttir (varaformaður stjórnar), Ingunn Guðmundsdóttir, Aðalheiður Sigurðardóttir.
- Frá MSS - miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Guðjónína Sæmundsdóttir, Sveindís Valdimarsdóttir, Eva Agata Alexdóttir.



- Frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi. Inga Dóra Halldórsdóttir.
- Frá SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Erla Björg Guðmundsdóttir, Arna Jakobína Björnsdóttir (stjórnarformaður) og Helgi Svavarsson.
- Frá Visku - miðstöð símenntunar í Vestmannaeyjum. Valgerður Guðjónsdóttir.
- Frá Þekkingarneti Austurlands. Stefanía G. Kristinsdóttir.
- Frá Þekkingarsetri Þingeyinga. Óli Halldórsson, Erla Dögg Ásgeirsdóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir.

## 1. Setning vorfundar

Formaður Inga Dóra bauð fólk velkomið og stakk uppá Óla Halldórssyni sem fundarstjóra. Var það samþykkt einróma. Fundarritarar voru kjörnir Jóhann Ingólfsson og Smári Haraldsson. Að því búnu var gengið til dagskrár.

## 2. Venjuleg aðalfundarstörf – samkvæmt samþykktum Kvasis

### 2.1 Skýrsla stjórnar

Formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

### 2.2 Afgreiðsla ársreikninga

Erla Björg Guðmundsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningum. Heildartekjur voru kr. 2.110.000 (2430.338). Útgjöld voru kr. 2.130.895 (2.758.902). Eigið fé og skuldir kr. 182.732 (200.773).

Reikningar voru skoðaðir af fyrirtækinu KPMG hf.

Ársreikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

### 2.3 Fjárhagsáætlun og ákvörðun um árgjöld.

Stjórn gerði eftirfarandi tillögur um fjárhagsáætlun 2010. Útgjöld árið 2009 eru til samanburðar.

Heildartekjur og gjöld eru áætluð kr. 2.500.000. Í tillögunum er gert ráð fyrir óbreyttum árgjöldum kr. 150.000 á miðstöð.

Tekjur og gjöld skiptast þannig:

	2010	2009
<i>Tekjur</i>		
Árgjöld	1.500.000	1.610.000
Aðrar tekjur	1.000.000	500.000
<b>Samtals tekjur</b>	<b>2.500.000</b>	<b>2.110.000</b>



#### *Gjöld*

Styrkir vegna námskeiða	0	1.469.120
Kostnaður við heimasíðu	350.000	261.143
Ferðakostnaður	400.000	231.480
Fundakostnaður	300.000	72.379
Bókhald	60.000	28.386
Auglýsingar	150.000	59.137
<u>Annar kostnaður</u>	<u>1.240.000</u>	<u>9.250</u>
<b>Samtals gjöld</b>	<b>2.500.000</b>	<b>2.130.895</b>

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **2.4 Breytingar á samþykktum**

Engar tillögur komu fram um breytingar á samþykktunum.

### **2.5 Aðildarumsókn Framvegis**

Lagt fram bréf frá Framvegis – miðstöð um símenntun í Reykjavík, dags. 3.12.2009, þar sem óskað er eftir að Framvegis fái aðild að Kvasi.

Formaður kynnti erindið og innleiddi umræðu.

Í máli fundarmanna kom fram að þeir voru sammála um að ekki væri tímabært að taka inn nýja aðila að sinni og vísuðu til fyrirhugaðrar stefnumótunarvinnu Kvasis.

Fundarstjóri bar því fram eftirfarandi tillögu:

*Í ljósi margvíslegra breytinga sem nú eru að ganga yfir í símenntunargeiranum og fyrirhugaðrar stefnumótunarvinnu Kvasis telur fundurinn ekki tímabært að taka inn nýja aðila að svo stöddu.*

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **2.6 Skipun stjórnar**

Erla Björg Guðmundsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir hafa nú setið í stjórn Kvasis í 2 ár og hverfa því nú úr stjórn.

Í þeirra stað voru kjörnar Hulda Ólafsdóttir frá Mími – símenntun og Stefanía G. Kristinsdóttir frá Þekkingarneti Austurlands.

### **2.7 Kosning skoðunarmanna**

Samþykkt að gjaldkeri næstu stjórnar velji löggiltan endurskoðenda til að yfirfara ársreikninga 2010. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **2.8 Önnur mál**

Engin önnur mál.



### 3. Umræða um framtíð Kvasis

Formaður innleiddi um ræðu um framtíð Kvasis og gerði að tillögu sinni að stofnaður yrði þriggja manna vinnuhópur til að fylgja eftir þeirri vinnu.

Verkefni vinnuhópsins væru að greina umhverfi sem miðstöðvarnar starfa í, hvernig mun umhverfið breytast, hvað er líkt og hvað ólíkt með miðstöðvunum, hvert stefnir hver miðstöð, hvernig verður samstarf Kvasis og Leiknar, hvernig verður samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Hópurinn vinni náði með stjórn og skili af sér fyrir haustfund 2010.

Tillaga formanns var borin undir atkvæði og jafnframt að hópinn skipi fulltrúar frá Þekkingarneti Austurlands, Mími - símenntun og Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 4. Tíu ára afmæli Kvasis

Afmælisnefndin, þau Ásmundur Sverrir Pálsson, Guðjónína Sæmundsdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir gerðu grein fyrir störfum nefndarinnar.

Ákveðið hefur verið að sameina afmælisfagnað haustfundi Kvasis 2010. Haldin verði ráðstefna um fullorðinsfræðslu og fagnað á eftir. Ávarp verði a.m.k. frá fyrsta formanni Kvasis og mennta- og menningarmálaráðherra. Aðalræðan yrði um samfélagslegt hlutverk endurmenntunar, hver sá hópur er sem við ættum að þjóna og hver réttur þessa hóps er. Boðsgestir verði allir starfsmenn símenntunarmiðstöðvanna og fyrrverandi forstöðumenn. Afmælishátíðinni verði komið á framfæri við fjölmiðla.

Fjármögnun.

Afmælishófið kostar sitt og greiða verður þeim sem fengnir verða til að halda framsögur og erindi. Ekki er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun Kvasis-, en rukka þyrfti símenntunarmiðstöðvarnar sérstaklega um þann viðbótarkostnað.

Afmælisfagnaðurinn verði haldinn á Selfossi þar sem samtökin voru stofnuð 31. maí 2000.

Stefnt er að því að fundahöld verði miðvikudag til fimmtudags 13. -14. október.

Byrjað verði á afmælisfagnaði eftir hádegið á miðvikudeginum og haustfundur Kvasis verði á fimmtudeginum. Nánari tímasetningar verða ákveðnar af afmælisnefnd og stjórn.

### 5. Staða Myschool verkefnisins

Vilberg Helgason ræddi um Myschool verkefnið í þátíð, nútíð og framtíð. Í vinnu sinni tók Vilberg kerfið fyrir í smáatriðum, hvað þarf það að hafa og hvað ekki. Hann bjó til námsefni og kannaði verkferla og getur nú gefið skýrslu um hvar við stöndum og hvert framhaldið geti verið. Vilberg taldi rétt að halda áfram með Myschool, sem hann telur vera gott kerfi þótt því fylgi mikið af hlutum sem við notum ekki. Vilberg sagði að aðlögunin hefði orðið þannig að símenntunarmiðstöðvarnar hafa aðlagast Myschool en ekki öfugt.

Vilberg hefur nú lokið því verkefni sem hann var fenginn til af Kvasi. Þakkaði fundurinn góð störf og einkar ánægjulega samvinnu.

Vilberg taldi tvennt vera mögulegt í stöðunni.

1. Kvasir komi inn í verkefnastjórnar hluta Myschool-kerfisins, en FA haldi sínum hlut.



## 2. Nýtt kerfi.

Fundarmenn vildu reyna að halda í Myschool kerfið. Stefanía benti þó á að vert sé að fylgjast ennfrekar með því sem er að gerast í nemendaumsjónarkerfi innan menntageirans með það í huga hvort unnt sé að samræma umsjónarkerfi fyrir menntun í landinu, einkum með framhaldsskólunum.

Fundurinn vill að haldið verði áfram með þróun Myschool kerfisins þannig að það nýtist sem best símenntunarmiðstöðvunum. Stjórninni var falið að kynna FA niðurstöður fundarins, sem og vinnu Vilbergs. Jafnframt verði FA kynntur áhugi Kvasis fyrir að þekking Vilbergs nýtist áfram við þróun memendaumsjónarkerfisins. Ennfremur verði kannað hvort hugsanlegt sé að komið verði upp samræmdu skráningakerfi fyrir menntageirann í landinu.

## 6. Útlendingar og símenntun – námsframboð og námsparfir

Hulda Ólafsdóttir innleiddi þennan dagskrárlið. Hún lagði til að Kvasir vinni meira með aðilum um stefnumótun í málefnum innflytjenda. Mikilvægt er að átta sig á hve hátt hlutfall á vinnumarkaði eru innflytjendur. Mímir hefur fyrst og fremst sinnt þeim sem starfa við aðhlyningu hjá opinberum stofnunum.

Vinna þarf að breyttum námsgögnum fyrir þennan hóp t.d. í fagnámskeiðunum.

Fundarmenn fóru yfir það sem hver miðstöð hefði verið að gera fyrir þennan hóp.

MSS gerir tilraun með að hafa útlendinga og Íslendinga saman á námskeiðum.

Túlkáþjónusta er dýr fyrir fólk sem fer á námskeið svo sem hjá Vinnueftirlitinu.

Smári sýndi gögn sem hann hefur aflað um þjónustu símenntunarmiðstöðvanna við innflytjendur. Óskað var eftir að Smári vistaði töfluna á vef Kvasis og miði við árið 2009. Miðað verði við upphaf náms og námskeiða.

Fundurinn ákvað að komið yrði upp tengslaneti til að vinna að þessum málum.

Í hópinn var kjörinn einn aðili frá hverri miðstöð og vinni hópurinn að stefnumótun fyrir miðstöðvarnar á þessu sviði og skili af sér fyrir haustfund 2010.

## 7. Samvinna símenntunarmiðstöðvanna við VMST og starfsendurhæfingar

Helena Eydís Ingólfssdóttir hjá Þekkingarsetri Þingeyinga innleiddi umræðu undir þessum lið.

Samstarf við VMST og Starfsendurhæfingu hjá þeim hefur ekki verið nógu gott.

Farið var yfir stöðuna hjá einstaka miðstöðvum.

- Farskólinn. Verkefnastjóri kallaði þetta dagvistunarúrræði.
- MSS. Þar eru mjög mörg úrræði. Hafa valið styttri námsleiðir. Samstarf við VMST og Starfsendurhæfingu mjög gott.

- Fræðslunet Suðurlands. Þar er samvinna þessara aðila góð.
- Mímir. Samstarf við VMST og Starfsendurhæfingu hefur gengið vel. Úrræði í tengslum við „Ungt fólk til athafna“ gengur mjög vel, bæði hjá Íslendingum og útlendingum. Útlendingar hafa verið í heimatilbúnum úrræðum, m.a í samstarfi við Skátana. Hjá Mími er spurt hvort rétt sé að taka einstaklinga úr starfsendurhæfingu með öðrum í námsleiðum FA.
- SÍMEY. Lítil eftirspurn er eftir námsúrræðum á Akureyri fyrir þennan hóp. Í haust verður eitt prógramm sem allir taka þátt í. Samstarf við Starfsendurhæfingu er mjög gott.
- Þekkingarnet Austurlands. Þar er gott samstarf við VMST og hafa verið haldin nokkur námskeið. Flestir koma sjálfviljugir. Galli er að ekki hefur fengist heimild hjá VMST til að ÞA boði fólk. Fátt ungt fólk er atvinnulaust fyrir austan og ekki hefur verið boðið uppá úrræði fyrir það. Samstarf við Starfsendurhæfinguna er lítið þar sem hún samdi beint við framhaldsskólana og notar námsráðgjöf þar. Þó er nú umræða um að Þekkingarnetið skipuleggi nám fyrir það. Hjá Þekkingarnetinu hefur verið rætt um fjarnám fyrir erlent fólk, m.a. í Landnemasólunum.
- Viska. Þar hafa engin námskeið verið haldin fyrir VMST. Starfsendurhæfing er að komast af stað.
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Þar er gott samstarf við VMST. Nám fyrir ungt fólk er að fara af stað. Mjög gott og náið samstarf er við starfsendurhæfingu og hafa nemendur komið þaðan til Frmst.
- Símenntunarmiðstöðin Vesturlandi. Þar gengur samstarf við VMST mjög vel. Haldnar hafa verið 6 frumkvöðlasmiðjur og amk. 12 tölvunámskeið með þeim og margt fleira er í gangi. Vinnuálastofnun sendir boðunarbréf til þátttakenda. Á Vesturlandi er ekki búið að stofna starfsendurhæfingu.
- Þekkingarsetur Þingeyinga. Samstarf hefur verið að komast á við VMST. Hefur gengið treglega að fá VMST til að koma með þátttakendur í úrræðin sem beðið hefur verið um. Starfsstöð VMST á Húsavík afar veik, þ.e. þjónustustarfsmaður í hlutastarfi. Samstarf við starfsendurhæfingu Norðurlands hefur ekkert verið til þessa. Ekki greitt fyrir þátttakendur á námsleiðir o.fl.

Samstarf hefur því gengið misjafnlega og virðist hún ganga vel þar sem starfstöðvar VMST eru en síður þar sem aðeins eru útibú.

VMST þyrfti að gefa starfstöðvum sínum og útbúum einhverja línu um samstarfið.

Stjórn Kvasis var falið að koma þessum athugasemdum til VMST, þannig að framkvæmd verði með svipuðum hætti um allt land.

## 8. Önnur mál

### a) Myndbönd Margrétar Reynisdóttur í ferðaþjónustu

Aðalheiður Sigurðardóttir greindi frá því að Mímir hefði notað þessi myndbönd. Best hefði reynst þegar Margrét kenndi þetta sjálf. Aðalheiður hefur aðeins notað þetta í kennslu. Aðrir hafa ekki treyst sér til að nota þetta. Myndböndin hafa verið notuð í þjónustugreinum en einnig í samskiptum.

Sýnt var brot úr einu myndbandi.



Myndböndin eru til á ensku og pólsku auk íslenskunnar.

Nemendur eru ánægðir með verkefnið, sem fylgja myndböndunum.

Miðað við fyrirsjáanlega notkun miðstöðvanna á myndböndum þessum þótti fundarmönnum þau nokkuð dýr.

### **b) Kompás-fréttir**

Erla Björg Guðmundsdóttir kynni stöðu verkefnisins Kompás - mannauðsstjórnun, en eitthvert bakslag hefur komið í verkefnið. Stafar það af tæknilegum vandamálum sem upp komu. Þó er búið að setja inn mikið efni á vefinn.

Eigandi verkefnisins hefur jafnvel sagst vera tilbúinn að fá annan aðila til að taka að sér verkefnið.

### **c) Námsmat og fleira í námskránum Grunnmenntaskóli og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum**

Steinunn Ósk ræddi kennslu þessara námskráa, einkum hvernig við skiljum við nemendur. Námskrárnar eru ekki að öllu leyti í samræmi við áfanga framhaldsskólanna og hafa ekki verið endurskoðaðar.

Einhver mismunur er á því hvernig námsmati og samskiptum við framhaldsskóla er hagað hjá miðstöðvunum.

Valgerður greindi frá námsmati sem Viska hefur notað með góðum árangri þannig að nemendur og framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum eru sátt.

Samþykkt að miðstöðvararnir samræmi námsmat sitt og vinni með FA og framhaldsskólunum að því.

### **d) Kynning á háskólanámi**

Bryndís Þráinsdóttir dreifði kynningarblöðungi sem Farskólinn hefur gert um háskólanám á Norðurlandi vestra.

## **9. Fundarslit**

Fundarstjóri Óli Halldórsson þakkaði góð framsöguerindi og fundarmönnum fyrir komuna og góðan fund og sleit síðan fundi kl. 18.50.

Jóhann Ingólfsson, ritari.

Smári Haraldsson, ritari.

Óli Halldórsson, fundarstjóri.